

# Heimildaleit fyrir lokaverkefni

Góðar heimildir eru grunnur að góðu lokaverkefni

Viltu æfa fótbolta en kemur þér ekki að því að kaupa takkaskó

Ég er að fara að tala mikið í þessum fyrirlestri en er tilbúin að fara yfir þetta aftur með hverjum og einum eftir þörfum.

Hanna Þórey

# Hvert er markmið með upplýsingaleitinni?

- Hvaða leitaraðferð hentar hverju sinni?
- Netheimildir eða prentaðar heimildir

# Hvernig er best að byrja?

- Byrja leitina vítt og þrengja svo
- Skoða alfræðirit, t.d. Britannica online
- Kíkja á bækur, jafnvel kennslubækur
- Punkta leitina jafnóðum niður – sjá blað



En ég á erfitt með að lesa ensku….

**Heimildaleit tekur tíma.**

**Ef hún er vönduð ganga ritgerðarskrif betur.**



# Hvernig heimildir er hægt að nota?

- Bækur (kennslubækur geta gefið gott yfirlit)
- Tímaritsgreinar á pappír (hægt að finna greinar á leitir.is)
- Tímaritsgreinar á neti (hægt að finna greinar í erlendum tímaritum). Þar eru oft nýjustu upplýsingarnar.
- Tímaritsgreinar eru sumar **ritrýndar** og sumar ekki
- Dagblaðagreinar (ekki alltaf)
- Rannsóknarskýrslur
- Aðrar vefsíður íslenskar eða erlendar (Hagstofa, Landlæknir og fl.)
- Við notum ekki námsritgerðir sem heimild en í sumum tilfellum getur verið gagnlegt að glugga í þær (kannski fékk viðkomandi 5 í einkunn)

# Leitir.is - vma.leitir.is

- Safnkostur bókasafns VMA er skráður á leitir.is
- Bókasöfn landsins eru með sinn safnkost skráðan þar
- Leitir.is vísa manni ýmist á bók í hillu, bókarkafla eða tímaritsgrein (heildartexti stundum aðgengilegur).
- Einnig er vísað á ritgerðir og skýrslur.
- Líka ljósmyndir, kvikmyndir, spil og fleira.
- Viðurkennd efnisorð

# Hvar.is

- Notar sömu leitarvél og leitir.is
- 19 þúsund tímarit
- Landið sem heild er áskrifandi
- Merkilegt á heimsvísu að ein þjóð hafi allan þennan aðgang
- 200 aðilar greiða fyrir aðganginn, þar á meðal VMA
- Margir ólíkir gagnagrunnar
- Tengt við leitir.is

- Google scholar er líka kostur sem hægt er að skoða (ekki allt full-text)

# timarit.is

- 1922 tímaritstitlar
- 80.980 greinar
- 6.898.299 blaðsíður
- Blöðin og tímaritin hafa að geyma, auk almenns fréttaefnis og auglýsinga, mikið efni á sviði bókmennta, sagnfræði, ættfræði, þjóðlífs, menningar, atvinnuvega og viðskipta.
- Er bara textaleit. Er ekki efnistekið.
- Hvað er að efnistaka?

# Sýnum gagnrýni




Mikilvægt er að vera gagnrýninn þegar kemur að því að meta gæði heimilda.

Fræðimenn og rannsakendur gefa efni sitt út á mismunandi formi; í tímaritum, skýrslum, bókum, og ráðstefnuritum svo dæmi sé tekið. Nauðsynlegt er að geta borið kennsl á hvað er fræðilegt efni og hvað ekki. Það fer þó eftir viðfangsefninu hvort einnig sé þörf á heimildum sem ekki eru fræðilegar.

Nú skulum við skoða hvernig hægt er að meta gæði heimilda og hvað ritrýni þýðir.

# Aðalhugtök í rannsóknarspurningu



# Hvaða orð getum við notað?



# Samheiti




## Dæmi

# Samheiti og skyld heiti

- Samheiti: unglingar – táningar – ungmenni – ungt fólk
  - Teenager – youth - adolescent
- Skyld heiti: unglingsár, æskulýðsmál

- Samheiti: heilsufar – heilbrigði – heilsa – hreysti
- Skyld heiti: heilbrigðismál – geðheilsa - líðan

# Hvað orð viljum við velja?



# Trix við leitir

Í flestum gagnasöfnum og leitarvélum er sjálfgefið að orð séu tengd með AND sem merkir að bæði/öll orðin sem leitað er að þurfa að finnast í færslunum:

**AND** þrengir leit
bæði/öll orðin þurfa að koma fyrir í færslunni, t.d.

*facebook* **AND** *twitter* – finnur færslur þar sem fjallað er **bæði** um facebook og twitter



**OR** víkkar leit, t.d. *facebook* **OR** *twitter* – finnur færslur þar sem fjallað er um **annað hvort** eða **bæði**



**NOT** þrengir leit með því að útiloka leitarorð, t.d. *social media* **NOT** *facebook* – finnur færslur um *social media* en **útilokar** færslur þar sem fjallað er um *facebook*



# Að velja rétt leitarorð?

Hvernig má efla hreyfiþroska leikskólabarna?

Veldu þau orð sem eru góð leitarorð.



- [ ] hvernig
- [ ] má
- [ ] efla
- [ ] hreyfiþroska
- [ ] leikskólabarna

# Ritrýnd grein – hvað er það?

Fræðilegar tímaritsgreinar eru oft birtar innan sérhæfðra fagtímarita. Margar fræðilegar tímaritsgreinar eru **ritrýndar** (Peer Reviewed) en þá hafa fræðimenn innan sama sviðs yfirfarið og metið gæði greinarinnar og hvort hún sé hæf til birtingar. Ritrýndar tímaritsgreinar eru meðal áreiðanlegustu heimilda sem hægt er að nota.

## Það er ákveðinn gæðastimpill

Það er erfitt að fá grein birta í ritrýndu tímariti, því það eru gerðar miklar kröfur til höfunda. Bæði hvað varðar rannsóknaraðferðir, úrvinnslu gagna og framsetningu niðurstaðna.

Hvernig veit ég hvort grein er ritrýnd eða ekki?

# Frumheimildir og afleiddar heimildir

- Mikilvægt að vísa í frumheimildir

Rannsókn gerð

- Rannsóknarskýrslan/greinin
- Frétt um rannsóknina

Er ritrýnd grein frumheimild?

| Höfundur |
| --- |
| Hver er höfundurinn og hver er sérfræðiþekking hans? |
| **Dagsetning** |
| Hvað er greinin gömul? |
| Á efni greinarinnar enn við? |
| **Markhópur** |
| Er efnið ætlað fræðimönnum fremur en almenningi? |
| **Nákvæmni** |
| Er efnið rýnt? |
| Er vísað til heimilda? |
| Hvernig komst höfundur að niðurstöðu? |
| Hvar birtist greinin? |
| Getum við séð hversu oft og hvar hefur verið vitnað í greinina? |
| **Hlutlægni / Huglægni** |
| Hver fjármagnar rannsóknina?<br><br>Dæmi:<br>Rannsókn á kalkupptöku úr mjólk unnin með styrk frá Mjólkursamsölunni<br>Rannsókn á öryggi rafrettna fjármögnuð af fyrirtækjum sem selja rafrettur |

# Dæmi: Ég ætla að gera ritgerð um prótein

- **Hvernig nýtist prótein í líkamanum til uppbygginga á vöðvum?**

  Næringafræði

  Fræðibækur, námsbækur, ritrýndar heimildir,

- **Hvaða aðferðir nota markaðsaðilar til að ná til neytenda þegar kemur að sölu próteina í bætiefnaformi?**

  Markaðsfræði

  Fræðibækur, námsbækur, ritrýndar heimildir, samfélagsmiðlar

Notum ekki lokaverkefni sem heimild

Ef við skoðum vefsíður þá viljum við skoða tilgang vefsíðunnar. Er þetta sölusíða? Er þetta fræðileg stofnun?

# Falsfréttir

**STOPPA**

**HUGSA**

**ATHUGA**

**Upplýsingar eru alls staðar og það getur verið erfitt að vita hvort þær séu allar réttar og áreiðanlegar**

FJÖLMIÐLANEFND

**Áður en þú deilir fréttum á netinu skaltu stoppa, hugsa og athuga hvort það sem þú sérð, lest eða heyrir sé sannleikanum samkvæmt.**

**Hvaðan kemur þetta?**
Ef þú ert í vafa skaltu athuga hvað-an fréttin kemur. Er þetta fréttaveita sem hægt er að treysta?

**Hver skrifar?**
Athugaðu hver er skrifaður fyrir fréttinni. Fréttir á ritstýrðum, fag-legum fjölmiðlum eru oftast merktar þeim blaðamönnum sem skrifa þær, þótt það sé ekki algilt hér á landi.

**Hafa aðrir fréttamiðlar birt fréttina?**
Kannaðu hvort aðrir fréttamiðlar, t.d. stórir og rótgrónir fjölmiðlar, hafi fjallað um málið.

**Finnurðu fyrir reiði við lesturinn?**
Vertu á verði ef fréttin vekur sterkar tilfinningar, eins og reiði. Falsfrétt-um er oft ætlað að vekja sterk, tilfinningaleg viðbrögð, því að slíkar fréttir dreifast hraðar á netinu.

**Er myndin trúverðug?**
Myndir geta blekkt. Hægri-smelltu á myndina og gerðu myndaleit á netinu ef þú ert í vafa.

**Er þetta einum of ótrúlegt?**
Horfðu gagnrýnum augum á sláandi og ótrúlegar fyrirsagnir.

**Þú finnur fleiri ráð sem hjálpa þér að sjá í gegnum falsfréttir á fjolmidlanefnd.is/stoppa-hugsa-athuga**

Í SAMVINNU VIÐ

# Það er auðvelt að trúa röngum eða úreldum upplýsingum




A faked image of Hitler in Vogue magazine was spread by pro-Russian propagandists *Image: Twitter/wilson6923*

# Gervigreind – gagnleg/skaðleg

- Texti sem spjallmenni eins og ChatGPT setur saman telst hvorki til fræðilegra né áreiðanlegra heimilda. Engin leið er að vita hvaða heimildir liggja að baki þeim upplýsingum sem spjallmennið notar.

- Þegar spjallmennið vísar til heimilda þá er það ekki endilega að nota þær heimildir sem það vísar í eða þær eru jafnvel algjör tilbúningur. Við viljum alltaf vita hver er á bak við þær upplýsingar sem við notum.

- **Almenn spjallmenni hafa ekki aðgang að keyptu efni, þar með talið fræðilegu efni í séráskriftum bókasafna. Notkun slíkra gervigreindarforrita er því ekki að tryggja að við fáum bestu fræðilegu heimildirnar.**

- Hafið í huga að þróun gervigreindar er í hröðum vexti og breytist því umhverfið mjög hratt.

# Gervigreind

- Mögulega er hægt að nota gervigreind til að auka afköst!
- Aldrei treysta henni í blindni
- Slæmt er að nota gervigreind til að fóðra leti!
- Dæmi um að nýta gervigreind til gagns: Hvernig sleppi ég blaðsíðutali á fyrstu síðu í ritgerð?

# Af hverju heimildaskrá?

Ritstuldur

Til þess að aðrir geti sannreynt það sem kemur fram eða lesið sig nánar til um efnið

Góð heimildaskrá getur aukið gildi verksins.

**Með því að vísa til heimilda:**

- Gerum við grein fyrir hvaða hugmyndir eru okkar eigin og hverjar eru annarra
- Sýnum við fram á skilning okkar á efninu
- Styðjum við betur við hugmyndir okkar
- Gerum við öðrum kleift að finna heimildirnar og kynna sér efnið

Ritver á bókasafni

# Endilega komið sem oftast

